



Til: skuli.thoroddsen@os.is

Efni: Beiðni um umsögn um umsókn Austurgilsvirkjuunar ehf. um rannsóknarleyfi vegna áætlana um Austurgilsár með veitu úr Selá við Ísafjarðardjúp í Strandabyggð

Upplýsingar: Sent: 19/03/2015 14:38:20 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2015020031, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2015020031

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 23. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Austurgilsvirkjuunar ehf. um rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjun Austurgilsár með veitu úr Selá við Ísafjarðardjúp í Strandabyggð.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins. Austurgilsvirkjun R3157A er í forgangsöröðun Verkefnisstjórnar 3. áfanga Rammaáætlunar. Í 5. gr. laga nr 48/2011 kemur eftirfarandi fram í 3. og 4. mgr.

Heimilt er að veita leyfi tengd orkurannsóknnum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar vegna virkjunarkosta í biðflokki enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar eða, þegar við á, úrskurði ráðherra.

Virkjunarkostir sem verndar- og orkunýtingaráætlun á að taka til skv. 3. mgr. 3. gr. og ekki hefur verið tekin afstaða til í gildandi verndar- og orkunýtingaráætlun skulu lúta sömu reglum og virkjunarkostir í biðflokki áætlunarinnar.

Náttúrufræðistofnun gerir því ekki athugasemd við að gefið sé út rannsóknaleyfi fyrir Austurgilsvirkjun sé það í samræmi við 3. mgr. 5. gr. hér að framan.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

